

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 25. júní síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjalddöku frá febrúar 1988:

Almenn bílastæði á Óðinstorgi, sem afmarkast af Týsgötu, Spítalastíg og Óðinsgötu, verði gjaldskyld. Sama gildi um þrjú stæði við syðri götukant Spítalastígs milli Óðinsgötu og Týsgötu. Á Óðinstorgi verður miðamælir með tímagjaldi til samræmis við staðsetningu stæðanna, á gjaldsvæði 2, nú 40 krónur á klukkustund, en á Spítalastíg verður komið fyrir þremur stöðumælum með tveggja klukkustunda leyfilegum hámarksstöðutíma og tímagjaldinu 50 krónum.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 4. september 1996.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Nr. 573

29. október 1996

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði á Fylkisvegi sunnan við Hraunás
2. að biðskylda verði á Malarhöfða gagnvart umferð um Sævarhöfða
3. að banna bifreiðastöður norðan megin í Frostaskjóli
4. að hámarkshraði verði 30 km/klst. á eftirtöldum götum í Lækja- og Laugarneshverfi:
Kleppsvegi húsagötu á milli Laugarnesvegjar og Dalbrautar
Brekkulæk
Rauðalæk
Bugðulæk
Leirulæk
Laugarnesvegi húsagötu á milli Laugalækjar og Sæbrautar
Laugarnesvegi á milli Laugalækjar og Sundlaugavegar
Laugalæk á milli Laugarnesvegjar og Sundlaugavegar
Hrísateigi á milli Laugalækjar og Sundlaugavegar
Otrateigi

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. október 1996.

Böðvar Bragason.